

5. fundur Starfshóps um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 3. maí 2017 og hófst hann kl. 17:00

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Gunnhildur Björnsdóttir aðalmaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir aðalmaður og Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, Sviðsstjóri Velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1603057 - Starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi

Starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi hefur skoðað búsetukjarna fyrir fatlaða í Kópavogi, Reykjavík og Hafnarfirði.

Starfshópurinn ásamt sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs auk forstöðumanna í búsetuþjónustu á Akranesi heimsóttu búsetukjarna fyrir fatlaða í Kópavogi og Reykjavík þann 17. mars 2017.

Starfshópurinn hefur fengið upplýsingar um mögulegar staðsetningu á búsetukjarna frá sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs.

Starfshópurinn óskar eftir upplýsingum um áætlaðan kostnað við bygginu búsetukjarna.

Starfshópurinn óskar eftir að sviðsstjóri í samvinnu við fjármálastjóra og sviðsstjóra umhverfis- og skipulagsviðs leggi fram fyrstu drög að verk- og kostnaðaráætlun fyrir byggingu búsetukjarna. Einnig er óskað eftir upplýsingum um mismunandi eignarform á húseignunum og hvernig það samræmist nýjum lögum um almennar íbúðir og stofnframlög.

Upplýsingar um fjölda sem er á biðlista eftir búsetu lagður fram.

2. 1610011 - Könnunarviðræður við Ás styrktarfélag

Starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi hefur fundað með fulltrúum frá Ás styrktarfélagi og kannað nánar samstarfsmöguleika við Ás styrktarfélag um byggingu búsetukjarna á Akraanesi.

Starfshópurinn, ásamt sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs, fundaði þann 17. mars 2017, með fulltrúum frá Ás styrktarfélagi þar sem rætt var um samstarfsmöguleika vegna byggingu búsetukjarna fyrir fatlaða á Akranesi. Ás styrktarfélag er tilbúið til viðræðna um frekari samstarfsmöguleika sem fela í sér ráðgjöf við uppbyggingu á byggingu búsetukjarna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

*Einar Brandsson
Gunnhildur Björnsdóttir
Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir
Svala Hreinsdóttir*